

Inger Helene Bóasson ljósmyndari

Inger Helene fæddist árið 1954 í Nittedal skammt norðan við Osló í Noregi, en hún á ættir að rekja til Íslands. Afi hennar, Eðvald Bóasson, var ættaður frá Stuðlum í Reyðarfirði.

Inger Helene hóf nám í ljósmyndun árið 1970 og lauk sveinsprófi frá Sønstrød Foto í Drammen, þar starfaði hún í 6 ár. Eftir það rak hún eigin auglýsinga-ljósmyndastofu í Drammen í tvo áratugi, 1981- 2001.

Inger Helene starfaði lengst af í Noregi en dvaldi hér á landi á árunum 1973-1975 þá hjá Mats Wibe Lund ljósmyndara.

Inger Helene flutti aftur til Íslands haustið 2001. Hún var sjálfsstæð ljósmyndari og ferðaðist víða um land með myndavélina.

Vorið 2006 var hún ráðin ljósmyndari við Landspítala - háskólasjúkrahús. Aðalverksvið hennar þar er klínisk ljósmyndun, en einnig myndataka af starfsmönnum vegna auðkenniskorta, auk myndatöku við ýmsa merka atburði á deildum Landspítalans. Skráning og skönnun eldri mynda er líka fyrirferðarmikill þáttur í starfinu.

Inger Helene hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir ljósmyndun, m.a. frá Norges Fotografforbund, Norske Reklamefotografers Forening og Ljósmyndarafélagi Íslands. Hún hefur haldið fleiri einkasýningar, m.a. af hljóðfæraleikurum í Drammens Byorkester og var sýningin í Drammens Teater, gefin var út bók í því tilefni. Einnig var “Digital Natur“ sýnd þar. Hún hefur tekið þátt í mörgum samsýningum hér á landi og erlendis.

Inger Helene Bóasson
Gsm:864 6086
Gsm:825 5126
hboasson@isl.is
ingerhb@landspitali.is
www.photoihb.com